

22. tbl.

22. júní. 2022

29 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



## Opinn dagur um nýjar rannsóknir í Kröflu - IMPROVE Skjólbrekkun, þriðjudaginn 28. júní kl. 17-19

Opni dagurinn er haldinn í tilefni þess að um þessar mundir standa yfir umfangsmiklar mælingar í Kröflu. Þær tilheyra IMPROVE, stóru evrópsku rannsóknaverkefni. Um 35 manns frá ýmsum þjóðlöndum taka þátt.

### Dagskrá:

|       |  |
|-------|--|
| 17:00 | Húsið opnar  |
| 17:15 | Gerður Sigtryggsdóttir, oddviti, ávarp                   |
| 17:20 | Freysteinn Sigmundsson: Jarðfræði Kröflu                 |
| 17:40 | Magnús Tumi Guðmundsson: Yfirlit um viðfangsefni IMPROVE |
| 18:00 | Veggspjöld og óformlegt samtal við þátttakendur          |

Kaffiveitingar í boði IMPROVE.

IMPROVE er styrkt af Evrópusambandinu og snýst um þjálfun 15 doktorsnema. Níu þeirra vinna verkefni um Kröflu og sex um Etnu, eldfjallið stóra á Sikiley á Ítalíu.

**Krafla:** Vegna Kröfluelda, vel rannsakaðs jarðhitasvæðis, jarðhitavirkjunar og vísbendinga um bergkviku á rúmlega 2ja kílómetra dýpi er mikill áhugi á Kröflu meðal jarðvísindafólks um allan heim. Að IMPROVE verkefninu koma 12 háskólar og stofnanir í Evrópu. Háskóli Íslands (Jarðvísindastofnun) leiðir Íslandshluta þess en Landsvirkjun er einnig þátttakandi.





*Hljómsveitin*


*Í góðu lagi..*



*Daníel*

*Í Dalakofanum Laugum  
Laugardagskv. 25. Júní nk  
kl 21:00*

*🎉 ALLIR velkomnir 🎉*



*Elvar*

*singalong / partý stemmning*



*2 þús kr inn*



*Fríðrik*

## Færslugámar fyrir timbur

Gámar fyrir timbur verða staðsettir á eftirtöldum stöðum:

- Við Laxárvirkjun 20. -27. júní
- Á Breiðumýri 20. - 27. júní

Aðrar staðsetningar auglýstar síðar.

Íbúar eru hvattir til að huga að góðri nýtingu á gámunum með því að rúmmálsminka úrgang og raða í gámana eins og kostur er.

Athugið að gámarnir eru einungis ætlaðir fyrir timbur - ekki járn eða annað efni.

## Vantar íbúð!

Ég er að leita að 3ja-4ra herbergja íbúð fyrir mig og unglingana mína.

Staðsetning ekki endilega fyrirstaða.

Vinsamlega hafið samband í síma 866 2309 eða á [hyh@enjoy.is](mailto:hyh@enjoy.is)

Hrafnhildur



## Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum,  
velflestar vikur ársins,

Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Auglýsingar skal senda á netfangið [hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)  
Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar  
<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Hálfsíðuauglýsing kr. 4.200.- m.vsk.  
heilsíðuauglýsing kr. 6.100.- m.vsk.



## Líf í lundi, laugardaginn 25. júní, Fossselsskógi.

Verið velkomin í Fossselsskóg, ekið framhjá bænum Vaði rétt sunnan við brú yfir Skjálfandafljót. Skemmtilegar gönguleiðir, birkisafi í boði.

Upplifið kyrrðina í Kvennabrekku og við fljótið, margra metra há tré, einn stærsta fjallapin landsins.  
Milli kl 14:00 – 16:00.



**HJÓLTREIDAFÉLAG**  
AKUREYRAR

Laugardaginn 25. júní heldur Hjóltreidafélag Akureyrar Íslandsmót í

Götuhjóltreidum. Keppendur ræsa við Jarðböðin við Mývatn og hjóla ýmist umhverfis mývatn eða eftir Reykjadal, upp í Reykjahverfi út að Laxamýri og aftur upp á mývatn eftir Kísilveginum.

Ítarlegi upplýsingar má finna á [HRI.is](http://HRI.is) undir "Íslandsmótið í Götuhjóltreidum"

Ræst er klukkan 10:00 frá Mývatni og er áætlað að síðustu keppendur verði komnir í mark klukkan 14:00. Viðbúið er að einhverjar umferðartafir verði á meðan keppnin er og við biðjum fólk að sýna tillitsemi í umferðinni á meðan keppnin fer fram. Sömuleiðis bendum við íbúum á að mæta út að götu og kvetja keppendur áfram.